

- 141 Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og sam-  
31. júlí þykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, til þess að öðlast  
þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

- 142  
8. ágúst

## SAMÞYKKT

### um lokunartíma sölubúða í Eyrarbakkahreppi.

#### 1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum innan Eyrarbakkahrepps skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

#### 2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum, sölustöðum og vöruafgreiðslum lokað, eigi síðar en kl. 7 síðdegis, og eigi opnað aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

Á tímabilinu frá 1. júní til 1. september, skal sölubúðum og sölustöðum lokað, eigi síðar en kl. 5 síðdegis.

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardagana fyrir páska og hvítasunnu, skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 5 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 11 síðdegis.

Afgreiðslur vöruskipa eru undanþegnar þessum ákvæðum, meðan ferming eða afferming stendur yfir, en að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar þær, sem og sölustaði, jafnt og sölubúðir.

#### 3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember, mega engar sölubúðir vera opnar.

#### 4. gr.

Brauða- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst, og fyrsta desember, frá kl. 9 árdegis til kl. 3 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum og kökum, mjólk og mjólkurafurðum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

#### 5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum eða torgum, eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja eftir lokunartíma sölubúða, og á helgidögum, benzín og oliur til bifreiða, svo og olíu, salt og veiðarfæri til báta, sem stunda sjóróðra.

#### 6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

## 7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt eftir tillögum hreppsnefndar, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka tilgreinda daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir félög, stofnanir og fyrir-tæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

## 8. gr.

Brot á samþykkt þessari vara sektum frá 20 til 500 krónum, og renna sekt-irnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. ágúst 1939.*

F. h. r.

**Vígús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

## A U G L Ý S I N G

143

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp í Eyjarfjarð-arsýslu nr. 9 13. marz 1933.

8. ágúst

Samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstað-anna er hér með staðfest eftirfarandi:

## S A M Þ Y K K T

um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp.

## 1. gr.

Alifugla má ekki hafa í kaupþúninu frá 1. maí til 30. september, nema þeir séu í afgirtu svæði eða öruggri vörzlu.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. ágúst 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*